

Starfsreglur samstarfsnefndar Sjúkratrygginga (SÍ) og Félags sjúkrabjálfa (FS)

Verkefni samstarfsnefndar eru skilgreind í fylgiskjali 1 í samningi aðila frá 1. okt 2024. Samstarfsnefnd fylgist með framkvæmd samningsins í heild, vinnur úr álitamálum og leggur fram tillögur til úrbóta.

1. Fyrirkomulag funda og aðstaða:

- a. Starfsaðstaða samstarfsnefndar er hjá SÍ
- b. Reglulegir fundir eru 1-2 x í mánuði. Ekki er fundað í júlí.
- c. Fulltrúi SÍ boðar fundi og tryggir að dagskrá liggi fyrir. Dagskrá, erindi sem berast, fundargerðir (á pdf formi, með númer og dags.) og önnur gögn eru vistuð á lokuðu svæði samstarfsnefndar.
- d. Fundargerð er skilað til fundarmanna innan 48 klst. og fundarmenn hafa 5 virka daga til að skila ábendingum til breytinga. Fundargerð er borin upp til samþykktar næsta fundi. Fundargerðir eru ekki til dreifingar.

2. Erindi sem berast:

- a. Mál sem berast nefndinni geta komið frá nefndarmönnum, aðilum samningsins, einstaka sjúkrabjálfum / rekstraraðilum sjúkrabjálfunarstofa.
- b. Starfsmenn Sjúkratrygginga og Félags sjúkrabjálfa skila málum beint til nefndarmanna sem taka þau upp á fundinum í nafni stofnunar/félags.
- c. Aðrir senda erindi um gagnagátt Sjúkratrygginga, erindi er merkt: *Samstarfsnefnd Sjúkratrygginga og Félags sjúkrabjálfa*.
- d. Erindi sem skráð eru á dagskrá eru vistuð í fundarmöppu á lokuðu svæði nefndar. Fundarmappa er merkt með dagsetningu og númeri.

3. Úrvinnsla mála er skv eftirfarandi ferli:

- a. Fulltrúi Sjúkratryggina staðfestir móttöku erindis og er staðfesting send til innsendanda um leið og mál hefur verið skráð.
- b. Ef erindi telst afgreitt þá skal senda viðkomandi aðila svar innan 10 virkra vinnudaga frá afgreiðsludegi.
- c. Ef afla þarf frekari upplýsinga til að geta afgreitt mál þá þarf að óska eftir þeim upplýsingum innan tveggja daga frá fundi og óska jafnframt eftir að svör berist innan fimm virkra daga svo hægt sé að afgreiða málið á næsta fundi nefndarinnar.
- d. Upplýsa þarf innsendanda um stöðu máls ef ekki næst að afgreiða það á þeim fundi sem það er tekið fyrir. Einnig þarf að upplýsa ef einhverjar tafir verða á afgreiðslu sökum óvæntra atvika / aðstæðna.

Starfsreglur þessar eru birtar á vefsíðu Sjúkratrygginga og Félags sjúkrabjálfa. Starfsreglur eru uppfærðar á fyrsta fundi nefndarinnar ár hvert.

Vinnureglur samþykktar: 25. júní, 2025